



Fundur stjórnar Almannaheilla

haldinn í Sigtúni 42, miðvikudaginn 7. mars 2018 kl. 09:00

Mætt: Ketill B. Magnússon, Steinunn Hrafnisdóttir, Erna Reynisdóttir, Þóra Þórarinsdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir, Árni Einarsson, Vilborg Eiríksdóttir, Jónas Guðmundsson, Erna Arngrímsdóttir og Þröstur Emilsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Skýrslur málefnaþópa
3. Afmæli Almannaheilla
4. Aðalfundur Almannaheilla
5. Önnur mál

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár.

Afgreiðsla:

1. **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt

2a. Málefnaþópar – Fræðsla og fagmennska:

Þóra sagði hópinn ekki hafa hist frá 30.01.2018. Fagráð um nám fyrir stjórnendur þriðja geirans hefur hist og m.a. fundað með fulltrúum HR um framhald fræðslunnar. Ákveðið hefur verið að halda áfram með fræðslu fyrir stjórnendur þriðja geirans á komandi hausti. Tekið verður tilliti til ábendinga / athugasemda sem fram komu frá þeim sem þátt tóku í fyrstu námslínu. Það á m.a. við um tímalengd, aukna verkefnavinnu o.fl.

Ketill upplýsti að til boða stæði námskeið um stjórnarhætti en Hildur Flóvenz hefur boðist til að halda 2ja klst. námskeið um það efni.

Tillaga: Stjórnarfundur Almannaheilla hefjist kl. 08:30 miðvikudaginn 25. apríl n.k. og standi til kl. 10:00. Hildur Flóvenz haldi námskeið um stjórnarhætti í kjölfar stjórnarfundarins, þ.e. kl. 10:00-12:00. Almannaheill beri kostnað af námskeiðshaldinu, allt að kr. 80.000,-

Niðurstaða: Fyrirkomulagið samþykkt en formanni falið að finna aðra tímasetningu fyrir námskeiðshald þar sem þátttakendur gætu átt erfitt með að komast frá vinnu á áður nefndum tíma.

Formaður spurði um heimboð aðildarféлага. Þresti falið að finna tíma fyrir næsta heimboð til féлага að Háaleitisbraut 13. Stungið upp á 4. eða 5. apríl n.k.

2b. Málefnaþópar – Sýnileiki:

Hefur ekki fundað. Þarf að boða fund eins fljótt og auðið er.

2c. Málefnaþópar – Lagaumhverfi:

Ketill og Jónas hittu aðstoðarmann ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Hildi Sveinsdóttur og Inga Þór deildarstjóra. Fram kom að ráðherra telur sig ekki, m.a. með hliðsjón af framkomnum umsögnum og athugasemdum, geta tekið fyrirbyggjandi frumvarp til laga um almannaheillasamtök óbreytt og lagt á ný fyrir Alþingi.

Almannaheill lögðu á fundinum áherslu á nauðsyn þess að setja almannaheillasamtökum skýran lagaramma. Fram kom á fundinum að ráðherra vill ráðfæra sig við fyrirtækjaskrá og skattstjóra áður en hún ákveður hvort hún vilji leggja frumvarpið fram. Vonbrigðum lýst með stöðu málsins. Fram kom að ráðherra hyggst hafa samband við Almannaheill fyrir páska með næstu skref. Lagt var til að Almannaheill fari í meira aktíva áætlun. Jónas benti á að tíminn væri núna, ef ekki yrði ýtt við á þessum tímamarki, væri hætt við að



málið sofnaði. Formaður sagði að gera þyrfti einkunnarorðin „Fagmennska“ og „Sýnileiki“ enn meira áberandi.

Tillaga: Formaður leggur til að keypt verði utanaðkomandi aðstoð til að „lobbiera“. Þannig megi hreyfa enn frekar við málinu.

Niðurstaða: Samþykkt.

3. Afmæli Almannaheilla:

Almannaheill fagna á þessu ári 10 ára afmæli. Rætt um hvernig halda mætti upp á tímamótin. Fram komu hugmyndir um opinn afmælisfund, viðurkenningu Almannaheilla til „Fyrirmyndarfélaga“ (í anda „Fyrirmyndarfyrirtækja“). Nokkrar umræður urðu um slíkar viðurkenningar og fyrirkomulag tilnefninga og vals á fyrirmyndarfélögum. Bent var á að tími vær til kominn að bent væri á það sem vel væri gert í þriðja geiranum, því vissulega væri af nógu af taka. Minna heyrðist af því en meira þegar hlutir færu úrskeiðis.

Tillaga: Skipaður verði starfshópur til að undirbúa afmælishátíð í nóvember 2018. Jafnramt undirbúi hópurinn og útfæri tillögur að verklagi vegna tilnefninga á fyrirmyndarfélögum. Í hópnum sitja Ketill, Þóra og 1 til 3 stjórnarmenn til viðbótar.

Niðurstaða: Samþykkt.

4. Aðalfundur Almannaheilla:

Samþykkt var að boða til aðalfundar Almannaheilla miðvikudaginn 16.maí 2018.

Fundarboð: Formaður annast fundarboð.

Gæta þess að lagabreytingartillaga og breytingar á siðareglum fylgi fundarboði.

Fundarstaður: Samþykkt að leita til Krabbameinsfélagsins og mun formaður annast það.

Uppstillingarnefnd: Leitað verði til Ragnheiðar Haraldsdóttur um að leiða uppstillingarnefnd og fá með sér 2-3 einstaklinga. Formaður annast það.

Erindi á aðalfundi: Leitað verði til Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra.

Fundarstjóri: Óskað verði eftir að Helgi Gunnarsson annist fundarstjórn.

Fundarritari: Ritari, Þröstur Emilsson annast fundarritun.

Reikningar: Gjaldkeri, Jónas Guðmundsson gengur frá reikningum og kynnr.

5. Önnur mál

Almannaheill hafa barist fyrir setningu laga um almannaheillasamtök frá árinu 2008. Árni spurði hvort ekki væri ráð að fá þingmann til að leggja fram fyrirspurn um stöðu málsins á Alþingi.

Bent var á að gagnlegt gæti verið að halda saman upplýsingum um mál sem upp hafa komið hjá félagasamtökum innan þriðja geirans, sem rekja mætti til skorts á skýrum lagaramma.

Sömuleiðis var á það bent hve gríðarstórt framlag þriðja geirans væri til samfélagsins, beint og óbeint. Til eru tölur hjá Hagstofunni sem benda til þess að framlagið sé 4-6% af VLF. Formaður lagði til að fundað yrði með Hagstofunni um aðgang að tölum og úrvinnslu þeirra.

Formaður sagði að fyrirspurn hefði borist frá Krabbameinsfélaginu en þar stendur yfir endurskoðun siðareglna. Samþykkt var að endurskoða siðareglur Almannaheilla og



munu ÞE og ER yfirfara reglurnar og koma með tillögur að breytingum, m.a. með tilliti til vitundarvakningar um ofbeldi, kynbundins sem og annars. Siðareglur ná til allra samskipta, bæði innbyrðis og annarra.

Bent var á að breytingar á siðareglum þyrfti að bera upp fyrir aðalfund Almannaheilla og afgreiða þar. Siðareglurnar tækju til allra aðildarfélaga og því eðlilegt að aðalfundur samþykkti breytingar. Þá þyrfti að gera siðareglur aðgengilegar á vef Almannaheilla og aðildarfélaga, ásamt upplýsingum um tilgang reglnanna.

Skoða þarf hvort tilefni er til að bæta inn ákvæði um siðareglur í 3.grein laga Almannaheilla þannig að enginn vafi leiki á að með aðildarumsókn til Almannaheilla, undirgangist félag siðareglur, hafi það ekki þegar sett sér slíkar reglur.

/ÞE

Fundi slitið kl. 12:22

Næstu fundur boðaður miðvikudag 21. mars 2018 kl. 09:00